# N1 hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

### 1. janúar til 30. júní 2017

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3-4

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........ 5

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Eiginfjáryfirlit ........ 8

Sjóðstreymisyfirlit ........ 9

Skýringar ........ 10-13

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Rekstrartekjur félagsins fyrstu sex mánuði ársins námu 16.077 m.kr. sem er 3,9% hækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 666 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður félagsins 649 m.kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 12.471 m.kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 250 m.kr.

Stjórn N1 hf. ákvað í desember 2016 að breyta skipulagi félagsins frá og með 1. janúar 2017 til að endurspegla betur afkomu af rekstri og fasteignum félagsins. Í því skyni birtir félagið starfsþáttayfirlit. Samhliða þessu ákvað stjórn félagsins að flytja fjárfestingar í dótturfélag og undirbúa næstu skref í framþróun þess. Svið félagsins verða þrjú þ.e. Rekstur, Fasteignir og Fjárfestingar. Rekstur og Fasteignir félagsins verða áfram í eigu N1 hf. eins og hingað til og verða ekki sett í dótturfélög.

Þann 9. júní sl. undirrituðu N1 hf. og SF V slhf. samkomulag um helstu skilmála fyrirhugaðra kaupa N1 hf. á öllu útgefnu hlutafé í Festi hf. sem rekur 28 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns og Kjarvals, auk þess að eiga 17 fasteignir sem eru ýmist leigðar út til verslana félagsins eða þriðja aðila. Heildarvelta Festi hf. á rekstrarárinu 2016, sem lauk 28. febrúar 2017, var rúmlega 39 milljarðar kr. Viðskiptin er háð skilyrðum um að samkomulag náist um endanlegan kaupsamning, að stjórn og hluthafar samningsaðila samþykki kaupin, niðurstöður áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt samkomulaginu er heildarvirði Festi hf. 37,9 milljarðar kr., en endanlegt kaupverð mun ráðast af skuldastöðu félagsins við afhendingu. Gerð er nánari grein fyrir helstu forsendum viðskiptanna í tilkynningu N1 hf. til Kauphallarinnar 9. júní sl. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki á 1. ársfjórðungi næsta árs.

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 1.476 talsins, en þeir voru 1.699 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru:

| | |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 13,3% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríksins A-deild og B-deild | 11,1% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 9,2% |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 7,2% |
| Birta lífeyrissjóður | 6,8% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 5,0% |
| Stapi lífeyrissjóður | 4,6% |
| The Wellington Trust Company | 3,6% |
| Kvika banki hf. | 3,3% |
| Helgafell ehf. | 2,6% |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2017 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningur samstæðunnar og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem hún býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 23. ágúst 2017

**Stjórn N1 hf.**

Margrét Guðmundsdóttir

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Jón Sigurðsson

Þórarinn V. Þórarinsson

**Forstjóri**

Eggert Þór Kristófersson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samandregna árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 23. ágúst 2017

Ernst & Young ehf.

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2017

| | Skýr. | 2017 1.4.-30.6. | 2016 1.4.-30.6. | 2017 1.1.-30.6. | 2016 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 8 | 8.897.383 | 8.848.278 | 15.875.353 | 15.291.096 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 6.101.639) | ( 5.809.511) | ( 10.774.366) | ( 10.173.501) |
| **Framlegð af vörusölu** | 9 | 2.795.744 | 3.038.767 | 5.100.987 | 5.117.595 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 98.732 | 95.391 | 201.489 | 187.894 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | ( 1.178.497) | ( 1.061.141) | ( 2.243.621) | ( 2.057.745) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 567.463) | ( 553.803) | ( 989.901) | ( 982.781) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 380.261) | ( 415.332) | ( 779.694) | ( 787.452) |
| | | ( 2.126.222) | ( 2.030.276) | ( 4.013.217) | ( 3.827.978) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 768.254 | 1.103.882 | 1.289.259 | 1.477.511 |
| Afskriftir | | ( 242.331) | ( 177.422) | ( 485.293) | ( 350.439) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 525.923 | 926.460 | 803.967 | 1.127.072 |
| Fjármunatekjur | | 13.282 | 27.055 | 38.471 | 69.317 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 101.491) | ( 118.470) | ( 198.662) | ( 237.373) |
| Gengismunur | | ( 16.197) | 8.285 | ( 6.997) | 7.596 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 104.982 | 62.286 | 154.705 | 83.475 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | | ( 588) | ( 12.669) | 3.574 | ( 12.669) |
| | | ( 13) | ( 33.513) | ( 8.908) | ( 89.654) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 525.910 | 892.947 | 795.059 | 1.037.418 |
| Tekjuskattur | 10 | ( 84.705) | ( 181.014) | ( 128.910) | ( 205.990) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 441.205 | 711.933 | 666.149 | 831.428 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | ( 23.115) | ( 15.026) | ( 16.930) | ( 15.026) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 418.090 | 696.907 | 649.219 | 816.402 |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | | 1,76 | 2,03 | 2,66 | 2,38 |

** Hálfsársuppgjör félagsins var kannað af endurskoðanda félagsins.*

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

| | Skýr. | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 231.965 | 258.165 |
| Rekstrarfjármunir | | 15.689.973 | 15.773.467 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.693.686 | 1.747.910 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 15.114 | 16.540 |
| Skuldabréfaeign | | 31.790 | 58.151 |
| Fastafjármunir | | 17.662.528 | 17.854.234 |
| Birgðir | | 3.166.299 | 3.026.753 |
| Viðskiptakröfur | | 3.242.427 | 2.303.272 |
| Kröfur á tengda aðila | | 48.176 | 14.843 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 335.335 | 156.725 |
| Handbært fé | | 2.394.175 | 2.266.435 |
| Veltufjármunir | | 9.186.412 | 7.768.027 |
| **Eignir samtals** | | 26.848.939 | 25.622.261 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 250.000 | 250.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.153.857 | 3.153.857 |
| Annað bundið eigið fé | | 4.162.700 | 4.315.391 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.904.612 | 4.852.702 |
| Eigið fé | | 12.471.169 | 12.571.949 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 6.500.000 | 6.500.000 |
| Tekjuskattskuldbinding | 13 | 1.476.733 | 1.499.323 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 135.950 | 151.056 |
| Langtímaskuldir | | 8.112.683 | 8.150.379 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 482.543 | 512.383 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 2.934.611 | 2.046.570 |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 600.000 | 508.905 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.174.429 | 895.995 |
| Skuldir við tengda aðila | | 203.147 | 201.623 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 224.747 | 237.425 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 645.611 | 497.032 |
| Skammtímaskuldir | | 6.265.088 | 4.899.933 |
| Skuldir samtals | | 14.377.771 | 13.050.312 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 26.848.939 | 25.622.261 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2017

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé: Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óinnleystur hagnaður hlut-deildarfélaga | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2017** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 4.122.522 | 295.951 | ( 165.582) | 4.852.702 | 12.571.950 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | ( 16.930) | 666.149 | 649.219 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga | | | | | ( 37.295) | | 37.295 | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 17.573) | | | 17.573 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna | | | | ( 80.894) | | | 80.894 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut) | | | | | | | ( 750.000) | ( 750.000) |
| Eigið fé 30.6.2017 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 4.024.055 | 258.656 | ( 182.512) | 4.904.612 | 12.471.169 |
| **1. janúar til 30. júní 2016** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 | 350.000 | 4.152.900 | 250.000 | 377.384 | 0 | ( 85.175) | 2.685.961 | 7.731.070 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | ( 15.026) | 831.428 | 816.402 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga | | | | | 23.475 | | ( 23.475) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 28.941) | | | 28.941 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut) | | | | | | | ( 1.050.000) | ( 1.050.000) |
| Eigið fé 30.6.2016 | 350.000 | 4.152.900 | 250.000 | 348.443 | 23.475 | ( 100.201) | 2.472.856 | 7.497.473 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.1.-30.6. | 2016<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði ........ | | 1.289.259 | 1.477.511 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| (Söluhagnaður) sölutap rekstrarfjármuna ........ | | ( 10.363) | 627 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur ........ | | ( 15.106) | ( 15.106) |
| | | 1.263.791 | 1.463.032 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting ........ | | ( 139.546) | ( 648.541) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting ........ | | ( 1.095.938) | ( 1.344.514) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting ........ | | 1.359.721 | 1.330.679 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 124.237 | ( 662.376) |
| Innborgaðar vaxtatekjur ........ | | 29.743 | 42.347 |
| Greidd vaxtagjöld af skammtímaskuldum ........ | | ( 7.244) | ( 2.814) |
| Greiddur tekjuskattur ........ | | ( 181.340) | ( 64.063) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.229.186 | 776.126 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir ........ | | 0 | ( 42.061) |
| Keyptir rekstrarfjármunir ........ | | ( 404.267) | ( 544.103) |
| Seldir rekstrarfjármunir ........ | | 39.032 | 31.264 |
| Móttekinn arður ........ | | 192.000 | 60.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 173.235) | ( 494.900) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður ........ | | ( 750.000) | ( 1.050.000) |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda ........ | | ( 191.221) | ( 232.470) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 941.221) | ( 1.282.470) |
| Breyting á handbæru fé ........ | | 114.730 | ( 1.001.244) |
| Gengismunur af handbæru fé ........ | | 13.010 | 4.972 |
| Handbært fé í ársbyrjun ........ | | 2.266.435 | 2.472.372 |
| Handbært fé í lok tímabilsins ........ | | 2.394.175 | 1.476.100 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Í árshlutareikningnum á árinu eru í fyrsta sinn birtar upplýsingar um samstæðuna, sem samanstendur af N1 og dótturfélaginu EGO ehf. Dótturfélagið mun starfa á sviði fjárfestinga en eiginleg starfsemi þess var ekki hafin í lok annars ársfjórðungs 2017. Samanburðarfjárhæðir eru allar úr árshlutareikningi móðurfélagsins og ársreikningi þess, en móðurfélagið myndaði eitt samstæðuna á árinu 2016.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum samstæðuársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 23. ágúst 2017.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.n1.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

## 4. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 6. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

## 7. Starfsþáttayfirlit

Félagið birtir í fyrsta sinn á árinu 2017 starfsþáttaryfirlit. Rekstrarstarfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Samanburðafjárhæðir eru ekki birtar þar sem þær liggja ekki fyrir.

## 7. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Fyrri árshelmingur | Fasteignasvið | Rekstrarsvið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 15.875.353 | | 15.875.353 |
| Aðrar tekjur | 928.580 | 201.489 | (928.580) | 201.489 |
| Heildartekjur starfsþátta | 928.580 | 16.076.842 | ( 928.580) | 16.076.842 |
| | | | | |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (172.623) | (15.543.540) | 928.580 | (14.787.583) |
| EBITDA starfsþátta | 755.957 | 533.302 | 0 | 1.289.259 |
| Afskriftir starfsþátta | (272.409) | (212.884) | 0 | (485.293) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 154.705 | 0 | 154.705 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | 483.548 | 475.123 | 0 | 958.671 |
| | | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | (163.613) |
| Tekjuskattur | | | | (128.910) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 666.149 |
| | | | | |
| **30. júní 2017** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 13.702.761 | 10.752.003 | 0 | 24.454.764 |
| Óskiptar eignir | | | | 2.394.175 |
| Eignir samtals | | | | 26.848.939 |
| | | | | |
| Óskiptar skuldir | | | | 14.377.771 |
| | | | | |
| Fjárfestingar | 80.853 | 323.414 | 0 | 404.267 |
| Afskriftir | (272.409) | (212.884) | 0 | (485.293) |

## 8. Sala

| | 2017<br>1.1.-30.6. | 2016<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 10.703.630 | 10.276.810 |
| Aðrar vörur | 5.171.723 | 5.014.286 |
| Sala samtals | 15.875.353 | 15.291.096 |

## 9. Framlegð af vörusölu

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 2.670.189 | 2.853.482 |
| Aðrar vörur | 2.430.798 | 2.264.113 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 5.100.987 | 5.117.595 |

## 10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2017 1.1.-30.6. | | 2016 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 795.059 | | 1.037.418 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | ( 159.012) | 20,0% | ( 207.484) |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,1% | ( 823) | 0,3% | ( 3.308) |
| Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum | ( 3,9% ) | 30.941 | ( 0,5% ) | 4.803 |
| Aðrir liðir | 0,0% | ( 16) | 0,0% | 0 |
| Virkur tekjuskattur | 16,2% | ( 128.910) | 19,9% | ( 205.990) |

## 11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 169.618 | 76.185 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 128.953 | 44.780 |
| Aðrar skammtímakröfur | 36.764 | 35.760 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 335.335 | 156.725 |

## 12. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 30.6.2017 | | 31.12.2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum. | 6,8% | 6.500.000 | 6,8% | 6.500.000 |
| Skammtímalán USD | 5,3% | 600.000 | 4,3% | 508.905 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | | 7.100.000 | | 7.008.905 |

### Afborganir óverðtryggðs langtímaláns greinast þannig á næstu ár:

| | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Árið 2021 | 55.250 | 55.250 |
| Til greiðslu síðar | 6.444.750 | 6.444.750 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 6.500.000 | 6.500.000 |

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 0 | 5.289 |
| Birgðir | 5.720 | 6.686 |
| | 5.720 | 11.975 |
| **Skuldir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 1.453.794 | 1.479.109 |
| Óefnislegar eignir | 25.968 | 28.940 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.288 | 0 |
| Óinnleystur gengismunur gjaldmiðla | 402 | 3.265 |
| | 1.482.452 | 1.511.314 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.476.733 | 1.499.323 |

# Skýringar, frh.:

## 14. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| | 2017<br>1.1.-30.6. | 2016<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða: vörunotkun* / meðalstaða vörubirgða á tímabilinu............ | 6,97 | 7,35 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: | | |
| meðalstaða viðskiptakrafna á tímabilinu / seldar vörur og þjónusta * ................ | 32 | 32 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu............................ | 25,3% | 28,9% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.................................................. | 44,0% | 40,2% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu.............................................. | 19,4% | 19,2% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu................................................... | 15,3% | 15,4% |
| | **30.6.2017** | **31.12.2016** |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir.............................................. | 1,47 | 1,59 |
| Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir............................. | 0,96 | 0,97 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir ** / EBITDA ***...................................... | 1,26 | 1,10 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn............................................................ | 46,4% | 49,1% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma* / meðalstaða eigin fjár á tímabilinu........................... | 10,8% | 39,2% |

* Rekstrarfjárhæðir eru reiknaðar á ársgrundvelli.

** Meðalstaða nettó vaxtaberandi skulda er meðalstaða síðastliðins árs

*** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða